



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. ágúst 2026
USK26080286

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags 26. ágúst 2026 varðandi eftirfarandi mál:

Reglur um nágrannavörsluskilti

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. ágúst 2026 að reglum um úthlutun nágrannavörsluskilta.

Samþykkt. Fulltrúi Miðflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins.
Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins:

Meirihlutinn fagnar því að nú séu settar skýrar reglur um úthlutun nágrannavörsluskilta og þannig auðveldað fyrir íbúa að koma á virkri nágrannavörslu í sinni götu eða hverfi. Með einföldu og aðgengilegu umsóknarferli og skýrri verkaskiptingu er stigið mikilvægt skref í þá átt að gera fleiri íbúum kleift að taka höndum saman um öryggi og góðan nágrannaanda í sínu nærumhverfi.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar:

Fulltrúar Samfylkingarinnar styðja hugmyndina um nágrannavörslu og reglur um nágrannavörsluskilti enda er um gott verkefni að ræða sem borgin hefur unnið að í samvinnu við íbúa frá 2006. Samfylkingin leggur áherslu á að umræða um öryggismál byggist á staðreyndum og yfirvegun en ekki hræðsluáróðri. Umræða um nýlega innbrotu bylgju hefur skort upplýsta tölfræði og samhengi við fyrri ár eða aðrar borgir. Lögreglan staðfestir að innbrotin voru unnin af fáum og þekktum einstaklingum í alvarlegri félagslegri neyð — vanda sem dýpkar vegna skorts á úrræðum, plássleysi í fangelsum og skerðingu á nærþjónustu líkt og lokun Kaffistofu Samhjálp. Nágrannavarsla má aldrei verða að óttastjórnun eða samfélagsmiðlavöktum sem elur á tortryggni gagnvart viðkvæmum hópum eða fólki af erlendum uppruna. Félagslegum vanda verður að mæta með félagslegum úrræðum, skaðaminnkun og raunverulegum forvörnum. Örugg borg er borg sem greinir vandann rétt og passar upp á alla sína íbúa.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*

Fylgiskjöl: Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. ágúst 2026 að reglum um úthlutun nágrannavörsluskilta.



Reykjavík



Tillaga að reglum um úthlutun nágrannavörsluskilta

Óskað er eftir því að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi reglur um úthlutun nágrannavörsluskilta;

1. Allir íbúar Reykjavíkurborgar geta sótt um nágrannavörsluskilti.
2. Umsækjandi skal staðfesta að samráð hafi farið fram við íbúa viðkomandi götu eða svæðis með því að haka við eftirfarandi yfirlýsingu í umsókn: „Ég staðfesti að ég hafi haft samráð við íbúa götunnar og að við höfum komið okkur saman um að taka þátt í nágrannavörslu.“
3. Umsækjandi greiðir kostnað vegna framleiðslu skiltisins samkvæmt gjaldskrá framleiðanda. Verð kemur fram á vefsíðu.
4. Reykjavíkurborg greiðir kostnað vegna uppsetningar skiltisins.
5. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ákveða endanlega staðsetningu skiltisins með hliðsjón af umferðaröryggi, tæknilegum atriðum og öðrum skipulagslegum sjónarmiðum. Við ákvörðun skal eftir fremsta megni tekið mið af óskum umsækjanda.

Greinargerð:

Umsókn er lögð fram í gegnum rafrænt eyðublað á “Mínum síðum” sem verður aðgengilegt í hlekk á vefsíðu Reykjavíkurborgar um nágrannavörslu.

1. Umsækjandi tilgreinir:
 - o nafn, tengiliðaupplýsingar og reikningsupplýsingar.
 - o götu eða svæði sem umsóknin nær til,
 - o ósk um staðsetningu skiltis.
2. Umsókn berst framleiðanda skiltisins sem annast framleiðslu og innheimtu kostnaðar frá umsækjanda.
3. Að greiðslu lokinni er Reykjavíkurborg upplýst um að skilti sé tilbúið til uppsetningar.
4. Reykjavíkurborg ákveður staðsetningu skiltisins og sér um að sækja það til framleiðanda og koma því fyrir á viðeigandi stað.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjal: Reglur um úthlutun nágrannavörsluskilta





Reglur um úthlutun nágrannavörsluskilta

1. Tilgangur

Nágrannavarsla er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og íbúa. Markmið verkefnisins er að efla forvarnir gegn afbrotum, auka öryggi í hverfum og stuðla að aukinni samvinnu og samfélagsvitund meðal íbúa.

Nágrannavörsluskilti eru ætlað að vekja athygli á virkri nágrannavörslu í viðkomandi götu eða hverfi.

2. Skilyrði fyrir úthlutun skilta

1. Allir íbúar Reykjavíkurborgar geta sótt um nágrannavörsluskilti.
2. Umsækjandi skal staðfesta að samráð hafi farið fram við íbúa viðkomandi götu eða svæðis með því að haka við eftirfarandi yfirlýsingu í umsókn: „Ég staðfesti að ég hafi haft samráð við íbúa götunnar og að við höfum komið okkur saman um að taka þátt í nágrannavörslu.“
3. Umsækjandi greiðir kostnað vegna framleiðslu skiltisins samkvæmt gjaldskrá framleiðanda. Verð kemur fram á vefsíðu.
4. Reykjavíkurborg greiðir kostnað vegna uppsetningar skiltisins.
5. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að ákveða endanlega staðsetningu skiltisins með hliðsjón af umferðaröryggi, tæknilegum atriðum og öðrum skipulagslegum sjónarmiðum. Við ákvörðun skal eftir fremsta megni tekið mið af óskum umsækjanda.

3. Umsóknarferli

Umsókn er lögð fram í gegnum rafrænt eyðublað á “Mínum síðum” sem verður aðgengilegt í hlekk á vefsíðu Reykjavíkurborgar um nágrannavörslu.

1. Umsækjandi tilgreinir:
 - nafn, tengiliðaupplýsingar og reikningsupplýsignar.
 - götu eða svæði sem umsóknin nær til,
 - ósk um staðsetningu skiltis.
2. Umsókn berst framleiðanda skiltisins sem annast framleiðslu og innheimtu kostnaðar frá umsækjanda.
3. Að greiðslu lokinni er Reykjavíkurborg upplýst um að skilti sé tilbúið til uppsetningar.
4. Reykjavíkurborg ákveður staðsetningu skiltisins og sér um að sækja það til framleiðanda og koma því fyrir á viðeigandi stað.

4. Ábyrgð

- Reykjavíkurborg ber ábyrgð á vali á staðsetningu og uppsetningu skiltis.
- Umsækjandi ber ábyrgð á að upplýsingar í umsókn séu réttar og að samráð við íbúa hafi átt sér stað.
- Ekki er heimilt að setja upp nágrannavörsluskilti á borgarlandi nema með samþykki Reykjavíkurborgar.